Ágrip af brjefi landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna* **um lán hauda prestakalli.**—Með brjefi þessu var prestinum að Hesti, sjera Arnóri Þorlákssyni, veitt leyfi til að taka 500 kr. lán upp á Hestþingaprestakall, er endurborgist á 10 árum með 1/10 á ári auk vaxta, til þess að framhalda jarðabótum á prestssetrinu Hesti, þó svo *að* jarðabætur þessar verði framkvæmdar svo fljótt sem verða má, eptir því sem prestinum kemur saman um við hlutaðeigandi prófast, *að* regluleg skoðunar- og matsgjörð, er hlutaðeigandi prófastur með 2 dómkvöddum mönnum framkvæmi, fram fari, þegar presturinn tjáir sig hafa unnið jarðabætur fyrir greint 500 kr. lán, á jarðabótum þeim, er gjörðar hafa verið *eptir að* umgetið lán hefur verið tekið upp á prestakallið og *að* presturinn eða bú hans, ef hann flytur frá brauðinu eða deyr áður en lánið er að fullu endurborgað, borgi það af hinu ógreidda láni, sem reynist, eptir reglulegri skoðunargjörð samkvæmt framansögðu, að vera óeytt. 97 3. okt.

Reikningur 98

fyrir styrktarsjóði Kristjáns konungs hins níunda frá 1. september 1887 til 31. ágúst 1888.

Tekjur.

1.	Eptirstöðvar 1. september 1887:		
	a. innritunarskýrteini Ltr. A. fol. 84	Kr. 8600,00	
	b. í landsbankanum með sparisjóðskjörum	— 395,69	8995,69
2.	Vextir af innstæðu sjóðsins:		
	a. af innritunarskýrteini til 11. júní 1888 á 3½ % . .	Kr. 301,00	
	b. af innstæðu í sparisjóði til 31. des. 1887	— 10,46	311,46
		Samtals	9307,15

Gjöld:

1.	Heiðursgjafir veittar:		
	a. Pjetri óðalsbónda Jónssyni í Reykjahlíð	Kr. 140,00	
	b. Steini útvegsbónda Guðmundssyni á Eyrarbakka . .	— 140,00	280,00
2.	Eptirstöðvar 31. ágúst 1888:		
	a. innritunarskírteini Ltr. A. fol. 84	Kr. 8600,00	
	b. í landsbankanum með sparisjóðskjörum	— 427,15	9027,15
		Samtals	9307,15

Landshöfðinginn yfir Islandi, Reykjavík 1. október 1888.

Magnús Stephensen.

Jón Jensson.

Ágrip 99

af reikningi yfir tekjur og gjöld Thorkillii barnaskólasjóðs árið 1887.

Tekjur:

1.	Eptirstöðvar við árslok 1886:		
	a. Ríkisskuldabrjef	kr. 29190,00	
	b. Skuldabrjef einstakra manna	— 37054,22	
	c. Ógoldnir vextir til 11. júní 1886	— 108,00	
	d. Í peningum	— 275,40	66627,62

7. dag nóvembermán. 1888.

Reykjavík 1888. Prentsmiðja Ísafoldar.